



# Heilbrigðisstofnun Suðurnesja

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2016

# Efnisyfirlit

1	Inngangur .....	3
2	Niðurstöður og ábendingar .....	4
3	Fjárheimildir og rekstur .....	5
3.1	Fjárheimildir .....	5
3.2	Rekstrarátætlun.....	5
3.3	Niðurstaða.....	5
4	Innra eftirlit.....	6
4.1	Inngangur .....	6
4.2	Umfjöllun .....	6
4.3	Niðurstaða.....	6
5	Fylgni við lög og reglur.....	7
5.1	Lög og reglugerðir .....	7
5.1.1	Ferðakostnaður.....	7
5.1.2	Risna.....	7
5.1.3	Opinber innkaup og innkaupakort.....	7
5.1.5	Styrkir.....	7
5.1.6	Virðisaukaskattur og endurgreiðslur .....	7
5.2	Niðurstaða.....	7
6	Endurskoðun rekstrarliða .....	8
6.1	Sértekjur.....	8
6.1.1	Sérfræðiþjónusta .....	8
6.1.2	Rannsóknir .....	8
6.1.3	Verksala.....	8
6.1.4	Aðrar þjónustutekjur .....	8
6.1.5	Daggjöld .....	9
6.1.6	Selt fæði .....	9
6.1.7	Kostnaðarhlutdeild .....	9
6.2	Launagjöld.....	9
6.2.1	Ráðningarsamningar .....	9
6.2.2	Viðveruskráning .....	9
6.3	Önnur rekstrargjöld.....	9
6.4	Niðurstaða.....	10
7	Endurskoðun efnahagsliða .....	11
7.1	Eignir .....	11
7.1.1	Birgðir.....	11
7.1.2	Skammtímakröfur .....	11
7.1.3	Vörslufé.....	12
7.1.4	Handbært fé.....	12
7.2	Eigið fé og skuldir .....	12
7.2.1	Höfuðstóll og annað eigið fé.....	12
7.2.2	Skammtímaskuldir .....	12
7.3	Niðurstaða.....	12
8	Önnur atriði .....	13
8.1	Staðfestingarbréf stjórnenda .....	13
8.2	Lögfræðibréf .....	13
8.3	Óhæðisyfirlýsing.....	13
8.4	Umfang endurskoðunar .....	13

# 1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja fyrir árið 2016.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi stofnunarinnar og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur stofnunarinnar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðunandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Stofnunin veitti greinargóðar upplýsingar um öll þau atriði er spurt var um.

Í samræmi við 5. gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Ársreikningur Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja hefur verið endurskoðaður árlega undanfarin ár.

## 2 Niðurstöður og ábendingar

Endurskoðun ársreiknings Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja fyrir árið 2016 er lokið án athugasemda, en eftirfarandi ábendingum er hér komið á framfæri :

### 1. Afstemmingar við tekjukerfi

Til þess að auka áreiðanleika í tekjuskráningu þarf að taka til skoðunar með hvaða hætti hægt sé að ná fram reglulegum afstemmingum milli fjárhagskerfis og Sögu-kerfis á heilsugæslustöðvum.

### 2. Samþykki ráðningarsamninga

Í þeim tilvikum sem forstjóri undirritar ekki ráðningarsamninga þarf framsal á undirritun ráðningarsamninga að vera skjalfest.

### 3. Viðveruskráning

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að allir starfsmenn noti kerfið Vinnustund sem langflestir starfsmenn nota nú þegar fyrir viðveruskráningu.

### 4. Samþykki kostnaðarreikninga

Ríkisendurskoðun mælist til að farið sé eftir þeirri meginreglu við samþykkt reikninga til greiðslu að tveir aðilar samþykki kostnaðarreikninga.

### 5. Birgðatalningar

Þar sem birgðastaða er uppfærð í efnahagsreikningi þarf að sjá til þess að unnt sé að staðfesta birgðatalningu í árslok af öðrum starfsmanni hjá stofnuninni en innkaupaaðila á hverjum stað.

## 3 Fjárheimildir og rekstur

### 3.1 Fjárheimildir

Framlag ríkissjóðs á fjárlögum til Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja fyrir árið 2016 nam 2.302,8 m.kr. Viðbótarfjárveitingar á árinu námu 133,9 m.kr. Þar af voru 18,9 m.kr. vegna launaendurmats vegna kjarasamninga við lækna, 50,0 m.kr. samkvæmt fjárukalögum og millifærðar voru 65,0 m.kr. af fjárlagaliði 08-700 til að mæta rekstrarvanda stofnunarinnar. Fjárheimildir ársins urðu því alls 2.436,7 m.kr. samanborið við 2.215,8 á fyrra ári sem er hækkun um 220,9 m.kr. eða 10%.

Rekstrargjöld að frádregnum sértekjum á árinu 2016 námu samtals 2.354,5 m.kr. og varð því 82,2 m.kr. tekjuafgangur á árinu samanborið við 18,7 m.kr. tekjuhalla árið áður. Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárheimildum og rekstri á árinu 2016:

Í þús kr.	Fjárlög 2016	Fjárheimild 2016	Reikningur 2016	Frávik 2016	Reikningur 2015
Sértekjur	-171.400	-171.400	-306.133	134.733	-246.697
Launagjöld	1.920.800	1.974.731	2.109.155	-134.424	1.913.912
Önnur rekstrargjöld	549.200	629.200	536.565	92.635	501.404
Eignakaup	4.200	4.200	14.950	-10.750	65.850
<b>Samtals</b>	<b>2.302.800</b>	<b>2.436.731</b>	<b>2.354.537</b>	<b>82.194</b>	<b>2.234.469</b>

Ríkisendurskoðun bendir á að innbyrðis mismunur er á fjárheimild einstakra liða innan raunútgjalda og rauntekna. Þannig eru bæði sértekjur og launagjöld hærri en fjárheimild.

### 3.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar, að hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega fylgst með því hvort tekjur og gjöld séu í samræmi við áætlun.

Rekstraráætlun Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja fyrir árið 2016 var skráð í fjárhagskerfi ríkisins og var í samræmi við fjárheimildir að því leyti að gert var ráð fyrir 5,1 m.kr. tekjuafgangi til að mæta tekjuhalla frá fyrra ári. Frávik frá rekstraráætlun í árslok nam 77,1 m.kr., sem er 3,1% af fjárheimild ársins til útgjalda umfram sértekjur. Samkvæmt upplýsingum frá stofnuninni er reglulega farið yfir frávik frá rekstraráætlun.

### 3.3 Niðurstaða

Tekjuafgangur Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja árið 2016 nam 82,2 m.kr. sem var mun betri niðurstaða en gert var ráð fyrir í rekstraráætlun. Færa þarf sundurliðun fjárhæða í fjárheimildakerfi ríkisins nær raunverulegu umfangi í samráði við velferðarráðuneyti. Rekstraráætlun var skráð í fjárhagskerfi ríkisins og reglulega er fylgst með frávikum.

## 4 Innra eftirlit

### 4.1 Inngangur

Forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits hjá stofnuninni. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og að fylgt sé lögum og reglum. Ríkisendurskoðun ber samkvæmt lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

### 4.2 Umfjöllun

Greining og mat á eftirlitsumhverfinu bendir til þess að innra eftirlit sé almennt í lagi en eftir sem áður þarf ákveðnar umbætur. Skipurit er til fyrir stofnunina og skriflegar reglur eru til staðar fyrir ýmsa verkþætti varðandi fjármál, innkaup, upplýsingakerfi og starfsmannamál. Skipulag ábyrgðar og umsjónar með bókhaldi og fjárreiðum er vel skilgreint en huga þarf að aðgreiningu starfa. Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins er notað fyrir vinnslu á bókhaldi og launaafgreiðslu. Stofnunin nýtir einnig viðeigandi kerfishluta fjárhagskerfisins eins og fyrir viðskiptaskuldir, viðskiptakröfur og eignaskráningu.

Þjónusta heilsugæslustöðva er skráð í Sögu-kerfið. Dagsuppgjör úr kerfinu eru grundvöllur tekjuskráningar í bókhaldi. Í þeim tilvikum að ekki er um staðgreiðslu að ræða eru gerðir reikningar í Tekjubókhaldskerfi ríkisins. Fylgiskjöl með tekjum eru ekki skönnuð í fjárhagskerfið og afstemmingar eru ekki gerðar á milli Sögu-kerfis og fjárhagsbókhalds.

Við skoðun á innra eftirliti var kannað hvort brugðist hafi verið við ábendingum frá fyrri árum ásamt því að skoða hvernig staðið væri að afstemmingum. Einnig var farið yfir aðgangsheimildir í fjárhagskerfin og stöðu á gerð verklagsreglna í handbók. Ríkisendurskoðun bendir á að breyta þarf aðgangsstýringu á ábyrgðarsviði nokkurra starfsmanna í fjárhagskerfinu til að tryggja aðgreiningu starfa. Aðgreina þarf aðgangsheimildir þannig að starfsmaður sé annað hvort með gjaldkera- eða bókunaraðgang í viðskiptaskuldakerfi og það sama á við um viðskiptakröfukerfið. Samkvæmt upplýsingum stjórnenda verður aðgangsstýringu breytt án tafar til samræmis við ábendingu Ríkisendurskoðunar.

### 4.3 Niðurstaða

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að innra eftirlit hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja verði eft. Það er á ábyrgð stjórnenda að tryggja að starfsmenn þekki verkferla svo að vandamál skapist ekki þegar lykilstarfsmenn hætta störfum eða fara í orlof. Rætt var við stjórnendur um hugsanlega áhættu vegna sviksemi og skyldur þeirra til að setja upp aðgerðir til varnar.

Styrkja þarf innra eftirlit með reglubundnum afstemmingum á milli kerfa, afstemmingum í bókhaldi, aðgreiningu starfa og skriflegum verklagsreglum. Ljúka þarf vinnu við skráningu á heildstæðu fyrirkomulagi innra eftirlits og reglubundnum eftirlitsaðgerðum. Afstemmingar bankareikninga og sjóða þarf að gera reglulega og framkvæmd afstemminga þarf að staðfesta.

## 5 Fylgni við lög og reglur

### 5.1 Lög og reglugerðir

Við fjárhagsendurskoðun er skoðað hvort rekstur stofnunar hafi verið í samræmi við lög og reglugerðir sem um hana gilda varðandi fjárreiður og bókhald. Eftirfarandi liðir voru auk þess teknir til skoðunar vegna ársins 2016:

#### 5.1.1 Ferðakostnaður

Ríkisendurskoðun vill vekja athygli stjórnenda Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja á því að yfirfara þarf verklag og leiðbeiningar fyrir útreikninga og greiðslur ferðakostnaðar erlendis. Bent er á að engin brottfaraspjöld fylgja ferðauppgjörum en þau gögn eru til staðfestingar á að ferð erlendis hafi verið farin. Greina þarf á milli ferðadaga og gistinotta við greiðslu dagpeninga til samræmis við reglur fjármálaráðuneytis um greiðslu ferðakostnaðar. Einnig þarf að gæta þess að útreikningur dagpeninga sé réttur miðað við fjölda daga í ferðaumsókn. Þá hvetur Ríkisendurskoðun til þess að eyðublað Fjárslu ríkisins séu notuð fyrir ferðareikninga og að óuppgerður ferðakostnaður sé viðskiptafærður hjá viðkomandi starfsmanni. Árita þarf ferðaumsókn bæði af starfsmanni og yfirmanni.

#### 5.1.2 Risna

Risnureikningar ársins 2016 voru skoðaðir. Tilefni risnu kom fram á kostnaðarreikningum en eyðublað fyrir risnuheimild var ekki notað.

#### 5.1.3 Opinber innkaup og innkaupakort

Stofnunin hefur sett sér skriflegar verklagsreglur um innkaup. Rammasamningar Ríkiskaupa eru notaðir eftir því sem hægt er en annars er leitað hagstæðustu tilboða. Innkaupakort eru notuð hjá stofnuninni, samtals fjögur kort. Úttektarheimildir hvers og eins eru skráðar.

#### 5.1.5 Styrkir

Veittir voru námsstyrkir til starfsmanna samtals að fjárhæð 3,0 m.kr. sem voru gjaldfærðir á því tímabili sem formleg ákvörðun um styrkveitinguna var tekin í samræmi við reglur Fjárslu ríkisins.

#### 5.1.6 Virðisaukaskattur og endurgreiðslur

Bókun og merking reikninga sem bera VSK er í samræmi við fyrirmæli Fjárslu ríkisins. Inneign vegna endurgreiðslu VSK færir til eignar á viðskiptareikningi stofnunarinnar við ríkissjóð.

### 5.2 Niðurstaða

Yfirfara þarf verklag og leiðbeiningar fyrir útreikninga og uppgjör ferðakostnaðar erlendis og gera viðeigandi umbætur.

Ríkisendurskoðun bendir á að æskilegt er að nota eyðublað fyrir risnuheimild þar sem risna er samþykkt fyrirfram og fram kemur tilefni risnu og hverjir njóta.



## 6 Endurskoðun rekstrarliða

### 6.1 Sértekjur

Samkvæmt rekstrarreikningi árið 2016 námu sértekjur Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja 306,1 m.kr. sem var hækkun um 59,4 m.kr. eða 24,1%.

Í þús kr.	2016	2015	Frávik	Hlutfall
Sérfræðiþjónusta	145.449	121.525	23.924	19,7%
Rannsóknir	68.864	51.753	17.111	33,1%
Verksala	15.858	12.793	3.065	24,0%
Aðrar þjónustutekjur	2.156	1.884	272	14,4%
Daggjöld	22.950	11.152	11.798	105,8%
Selt fæði	14.248	13.358	890	6,7%
Húsaleiga	2.595	1.742	853	48,9%
Kostnaðarhlutdeild	26.559	23.977	2.582	10,8%
Rekstrarframlög og gjafir	1.270	793	478	60,3%
Fjármunatekjur	3.175	3.171	4	0,1%
Aðrar tekjur	3.008	4.548	-1.540	-33,9%
<b>Samtals</b>	<b>306.133</b>	<b>246.697</b>	<b>59.436</b>	<b>24,1%</b>

Sértekjur voru yfirfarnar með athugunum á tekjuferlum, greiningum og úrtaksskoðun eftir atvikum.

#### 6.1.1 Sérfræðiþjónusta

Tekjur af seldri sérfræðiþjónustu eru að mestu innheimtar á heilsugæslustöðvum þar sem skráning komu er gerð í Sögu-kerfið. Skráning tekna er gerð í sjóðvél samkvæmt upplýsingum úr Sögu-kerfinu. Í þeim tilvikum að ekki er um staðgreiðslu að ræða er innheimt eftir á með því að senda greiðsluseðil úr Tekjubókhalddkerfi ríkisins (TBR). Æskilegt væri ef hægt væri að gera reglulegar afstemmingar á milli Sögu-kerfis og bókhalds. Um er að ræða tekjur af komum til sérfræðilækna, hjúkrunarfræðinga, sjúkraþjálfara, sálfræðinga og annarra fagstétta. Undir sérfræðiþjónustu falla einnig tekjur af bólusetningum og sprautum.

#### 6.1.2 Rannsóknir

Tekjur af rannsóknnum og röntgenmyndatökum eru m.a. af komugjöldum. Tekjur af komum vegna rannsókna eru skráðar á sama hátt og tekjur af seldri sérfræðiþjónustu.

#### 6.1.3 Verksala

Tekjur sem falla undir verksölu eru aðallega tekjur af margvíslegum læknisvottorðum. Þau eru innheimt ásamt tekjum af sérfræðiþjónustu.

#### 6.1.4 Aðrar þjónustutekjur

Stærsti liður annarra þjónustutekna stafa af hreyfiseðlum sem greiddir eru af Sjúkratryggingum. Undir þennan lið flokkast einnig tekjur af sjúkraflutningum og ýmis önnur þjónusta.



### 6.1.5 Daggjöld

Rétt tæpur helmingur daggjalda árið 2016 eru greiðslur fyrir dvöl á sjúkrastofnun samkvæmt reglum þar um en að öðru leyti er um að ræða tekjur af aðstöðu fyrir félag í eigu lækna sem hefur afnot af skurðstofu samkvæmt samningi við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja frá og með árinu 2016. Tekjuaukning frá fyrra ári stafar af þessum nýja samningi.

### 6.1.6 Selt fæði

Selt fæði er annars vegar sala á matarmiðum til starfsmanna um 10,0 m.kr. og hins vegar eru innbyrðis viðskipti með selt fæði á sjúkradeildir fyrir 4,2 m.kr. Bent er á að þegar um innri viðskipti er að ræða er rétt að nota innbyrðis vidd í bókhaldsfærslu.

### 6.1.7 Kostnaðarhlutdeild

Kostnaðarhlutdeild í sameiginlegri þjónustu er innheimt af sérfræðilæknum, sjúkraþjálfurum og öðru fagfólki sem Heilbrigðisstofnunin hefur samið við um aðstöðu á sjúkrahúsi eða heilsugæslu til að taka á móti sjúklingum.

## 6.2 Launagjöld

Launagjöld voru endurskoðuð með fyrirspurnum, greiningum og úrtaksskoðun.

### 6.2.1 Ráðningarsamningar

Vegna endurskoðunar á launum vill Ríkisendurskoðun koma eftirfarandi athugasemd á framfæri varðandi undirritun ráðningarsamninga. Bent er á að í 42. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins segir að gerður skuli skriflegur ráðningarsamningur milli forstöðumanns stofnunar og starfsmanns. Í þeim tilvikum sem forstjóri undirritar ekki ráðningarsamninga þarf að liggja ljóst fyrir hverjir eigi að undirrita ráðningarsamninga í umboði hans og það skjalfest og æskilegt er að tveir undirriti samninginn í umboði forstjóra.

### 6.2.2 Viðveruskráning

Flestir starfsmenn skrá viðveru í kerfið Vinnustund. Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að allir starfsmenn skrái viðveru í Vinnustund.

## 6.3 Önnur rekstrargjöld

Endurskoðun annarra rekstrargjalda var gerð með greiningum, skoðun á ferlum og úrtaksskoðun. Við endurskoðun kom fram að í mörgum tilvikum var einn samþykkjandi reiknings auk þess sem bókarí hafði heimild til að samþykkja reikninga í rafrænu samþykktarferli.

Ríkisendurskoðun mælist til að farið sé eftir þeirri meginreglu að tveir aðilar samþykki reikninga til greiðslu. Ferlið er þá byggt á því að sá sem stofnar til kostnaðar staðfesti að um réttan reikning sé að ræða og að forsendur hans séu réttar, s.s. verð og magn. Samþykki yfirmanna er síðan staðfesting á að kaupin hafi verið heimiluð og að bókað sé á rétt viðfang. Einföldun getur verið viðeigandi þegar um fastar greiðslur eða samningsbundnar greiðslur er að ræða þar sem fyrirkomulag eða samningur er samþykktur fyrirfram.

## 6.4 Niðurstaða

Ríkisendurskoðun telur mikilvægt að tekjuskráning sé tekin til skoðunar og að viðurkennd tekjuskráningarkefi séu notuð eftir því sem hægt er. Einnig er mælt til að öll fylgiskjöl yfir tekjur séu skönnuð í fjárhagskerfið.

Bæta þarf úr því að framsal á undirritun ráðningarsamninga er ekki skjalfest. Einnig er lögð áhersla á að allir starfsmenn noti kerfið Vinnustund.

Þá er mælt til að farið sé eftir þeirri meginreglu að tveir aðilar samþykki reikninga til greiðslu.

## 7 Endurskoðun efnahagsliða

Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 2016 námu eignir Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja 132,9 m.kr., skuldir voru 44,7 m.kr. og eigið fé var jákvætt um 88,2 m.kr.

Í þús kr.	2016	2015	Breyting
<b>Eignir:</b>			
Vörubirgðir	20.213	16.923	3.290
Inneign hjá ríkissjóði	9.990	0	9.990
Skammtímakröfur	55.587	46.294	9.292
Handbært fé	47.135	49.416	-2.281
<b>Eignir alls:</b>	<b>132.925</b>	<b>112.633</b>	<b>20.291</b>
<b>Eigið fé og skuldir:</b>			
Höfuðstóll í ársbyrjun	-65.200	-46.531	-18.669
Breyting v/lokafjárlaga	65.200	0	65.200
Hagnaður/tap ársins	82.194	-18.669	100.864
Framlag til eignamyndunar	6.042	6.042	0
Höfuðstóll	88.237	-59.157	147.394
Skuld við ríkissjóð	0	61.480	-61.480
Skammtímaskuldir	44.688	110.311	-65.623
<b>Eigið fé og skuldir alls:</b>	<b>132.925</b>	<b>112.633</b>	<b>20.291</b>

### 7.1 Eignir

#### 7.1.1 Birgðir

Birgðir námu 20,2 m.kr. í árslok 2016 og hækkuðu um 3,2 m.kr. frá fyrra ári eða um 19,4%. Skráðar birgðir í efnahagsreikningi voru í samræmi við niðurstöður talningalista. Um var að ræða rekstrarvörur, matvæli og lyf.

Ríkisendurskoðun mælist til að birgðatalningar verði staðfestar af öðrum en innkaupaaðila. Fyrirkomulag birgðatalninga er þannig að viðkomandi umsjónaraðili sér um talningar og áritar talningarblöð. Það sama á við um lyfjabirgðir en þar sér verktaki um bæði innkaup og talningu á lager. Æskilegt er að talning sé staðfest og að talningablöð séu árituð af þeim sem telur ásamt þeim sem staðfestir birgðatalningar og birgðamat.

#### 7.1.2 Skammtímakröfur

Skammtímakröfur námu 55,6 m.kr. í árslok 2016 sem er hækkun um 9,2 m.kr. frá fyrra ári. Endurskoðun krafna fólst meðal annars í því að yfirfara aldursgreindan lista. Háar fjárhæðir eru meðal krafna sem hafa staðið óhreyfðar í langan tíma. Ríkisendurskoðun beinir þeim tilmælum til stjórnenda að yfirfara viðskiptakröfur og gera viðeigandi ráðstafanir. Mikilvægt er að eldri kröfur séu reglulega yfirfarnar innan ársins með tilliti til innheimtumöguleika.

### 7.1.3 Vörslufé

Ríkisendurskoðun hefur undanfarin ár beint þeim tilmælum til stofnunarinnar að skrá Styrktar- og gjafasjóð sem stofnunin heldur utan um með formlegri hætti, annað hvort sem sjóð með staðfesta skipulagsskrá eða sem vörslusjóð í bókhaldi stofnunarinnar.

Brugðist hefur verið við þeirri ábendingu að hluta. Styrktar- og gjafasjóður er nú færður í bókhald Heilbrigðisstofnunarinnar en ekki sem vörslusjóður.

### 7.1.4 Handbært fé

Handbært fé nam 47,1 m.kr. í árslok 2016. Ríkisendurskoðun óskaði eftir staðfestingu viðskiptabanka á bankareikningum sem skráðir eru á kennitölu Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og stöðu þeirra í árslok 2016.

Staða handbærs fjár í árslok var staðfest með því að bera saman handbært fé samkvæmt bókhaldi við ytri gögn frá viðskiptabanka án athugasemda.

## 7.2 Eigið fé og skuldir

### 7.2.1 Höfuðstóll og annað eigið fé

Höfuðstóll nam 82,2 m.kr. á árslok 2016. Staðan batnaði frá fyrra ári, annars vegar vegna 62,5 m.kr. viðbótarframlags á lokafjárlögum 2016 og hins vegar vegna 82,2 m.kr. tekjuafgangs árið 2016. Annað eigið fé sem er til komið vegna framlags til eignamyndunar var óbreytt frá fyrra ári.

### 7.2.2 Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir námu 44,7 m.kr. í árslok 2016 sem er lækkun um 65,6 m.kr. frá fyrra ári. Við endurskoðun voru greiðslur í ársbyrjun 2017 til greiðslu skammtímaskulda yfirfarnar án athugasemda.

## 7.3 Niðurstaða

Ríkisendurskoðun mælist til að birgðatalningar verði staðfestar af öðrum en innkaupaaðila á viðkomandi birgðalager.

Þá er þeim tilmælum beint til stjórnenda að yfirfara eldri kröfur og gera viðeigandi ráðstafanir.

## 8 Önnur atriði

### 8.1 Staðfestingarbréf stjórnenda

Staðfestingarbréf stjórnenda, sem sent var til stofnunarinnar af Fjársýslu ríkisins, var samþykkt og undirritað af forstjóra.

### 8.2 Lögfræðibréf

Ekki kom fram kostnaður vegna lögfræðipjónustu árið 2016 í bókhaldi Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og samkvæmt upplýsingum forstjóra m.a. í staðfestingarbréfi stjórnenda voru engin málaferli í gangi varðandi stofnunina. Þess vegna var ekki óskað sérstaklega eftir lögfræðibréfi.

### 8.3 Óhæðisyfirlýsing

Óhæðisyfirlýsingar þeirra endurskoðenda, sem sáu um endurskoðun hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja voru undirritaðar.

### 8.4 Umfang endurskoðunar

Yfirlýsing um umfang endurskoðunar hjá stofnuninni var undirrituð af ríkisendurskoðanda og forstjóra Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja.

Í yfirlýsingunni er gerð grein fyrir ábyrgð og hlutverki hvors aðila varðandi reikningsskil Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja.



Ríkisendurskoðun – Bríetartúni 7  
Pósthólf 5350 – 125 Reykjavík  
Sími 569-7100

[postur@rikisend.is](mailto:postur@rikisend.is) – [www.rikisendurskodun.is](http://www.rikisendurskodun.is)